

- 138** Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Gnúpverjahrepps hefur samið og samþykkt  
1. des. staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952, um heimilishjálp í við-  
lögum, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem  
hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 1. desember 1955.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

- 139**  
8. des.

## AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt ályktun bæjarstjórnar Reykjavíkur hefur verið ákveðinn einstefnu-  
akstur um eftirtaldar götur, sem hér segir:

*Samtún frá vestri til austurs.  
Skúlatún frá norðri til suðurs.*

Þetta tilkynnist hér með öllum, er hlut eiga að máli.

*Lögreglustjórnin í Reykjavík, 8. desember 1955.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

- 140**  
16. des.

## AUGLÝSING

um innheimtu skemmtanaskatts árið 1956.

Ákveðið hefur verið að nota heimild laga nr. 77/1955 til þess að innheimta  
skemmtanaskatt af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum  
með 20% álagi árið 1956.

Leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna, svo og sýningar  
á íslenskum kvikmyndum, eru undanþegnar álaginu.

*Í menntamálaráðuneytinu, 16. desember 1955.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Birgir Thorlacius.*